



Lögboðin starfsábyrgðartrygging bifreiðasala vegna notaðra ökutækja

Vátryggingarskilmálar nr. AP25

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AP25.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Vátrygging þessi er samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um verslunarvinnu nr. 28/1998 og reglugerð um starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala nr. 46/2003.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Vísitala
11. Endurkrafa
12. Staða tjónþola við tjón
13. Meðferð bótakrafna
14. Lok vátryggingar
15. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá bifreiðasali sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir innan Evrópska efnahags-svæðisins.

3. Ábyrgðartími

- 3.1. Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

- 3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- 3.2.1 Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.

- 3.2.2 Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunni að verða rakið til gáleysis vátryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

- 3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Almenn tóntjón viðskiptamanns vátryggðs er leiðir af gáleysi í störfum hans sem bifreiðasala eða þess sem ráðinn er til starfa hjá honum.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Tjón sem vátryggður tekur á sig ef ábyrgðin er víðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem bifreiðasala.
- 4.3 Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.
- 4.4 Líkamstjón og skemmdir á munum.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.



6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda váttryggingarfjárhæð.

8. Váttryggingarfjárhæð

- 8.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingar-fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla félagsins vegna allra váttryggingaratburða innan sama váttryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.
- 8.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er félaginu aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

9. Eigin áhætta

- 9.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og tiltekið í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.
- 9.2 Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

10. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu neysluserðs. Iðgjald og eigin áhætta breytast á sama hátt.

11. Endurkrafa

- 11.1 Félaginu er heimilt að endurkrefja váttryggðan hafi tjón orðið vegna stórkostlegs gáleysis hans eða starfsmanna hans.
- 11.2 Félagið á endurkröfurett á hendur váttryggðum hafi félagið greitt bætur samkvæmt gr. 14.2 eftir að váttrygging hefur fallið niður.

12. Staða tjónþola við tjón

- 12.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 12.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 12.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 12.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

13. Meðferð bótakrafna

- 13.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 13.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

14. Lok váttryggingar

- 14.1 Váttryggingin fellur sjálfkrafa niður ef váttryggður fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum um leyfi til bifreiðasölu.
- 14.2 Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til átta vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti lögreglustjóranum í Reykjavík eða sýslumanni í hlutaðeigandi lögsagnar-umdæmi sem veitt hefur starfsleyfið að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir þennan frest.



15. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. Janúar 2006.